



Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi

Viðhorfskönnun

MEÐAL NÁMSMANNA FRÆÐSLUNETSINS 2021

Um könnunina

Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi gerði viðhorfskönnun hjá námsmönnum, sem stunda nám á vottuðum námsleiðum, í desember 2021. Könnunin er hluti af innra mati Fræðslunetsins og í samræmi við EQM+ gæðakerfið, sem Fræðslunetið starfar eftir. Könnunin var rafræn og sett upp í forritinu Microsoft Forms, sem hélt utan um spurningar og svör. Könnunin var ekki persónurekjanleg.

Markhópurinn var einstaklingar sem stunduðu nám á námsleiðunum; menntastoðum, stuðningsfulltrúa- og leikskólaliðabré og félagsliðabré. Linkur með könnuninni var sendur til þáttakenda og einu sinni var send áminning. Þá var linkur á könnunina birtur á Facebook-síðu námsleiðanna. Alls svöruðu 49 námsmenn af 64 sem gerir 77% svarhlutfall.

Spurningarnar voru flestar í formi fullyrðinga, sem taka þurfti afstöðu til, en einnig voru bakgrunnsspurningar og svo gefinn möguleiki á að tjá sig í opnum spurningum. Á myndritum hér á eftir eru sýndar tölulegar niðurstöður. Í textaskýringum er lýsing á niðurstöðum og svo samantekt í lok hvers efnisflokks.

Nokkur samkeyrsla var á einstökum spurningum útfrá grunnupplýsingum og er þess getið í tengslum við hverja spurningu fyrir sig.

Eydís Katla Guðmundsdóttir verkefnastjóri fyrir ofangreindar námsleiðir sá um að senda út könnunina. Alla aðra umsjón með vinnunni hafði gæðaráð Fræðslunetsins.

Gæða ráð Fræðslunetsins skipa:

Eyjólfur Sturlaugsson


Lilja Össurardóttir

Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir

Niðurstöður Könnunarinnar


1. Aldur

Námsmenn Fræðslunetsins eru á dreifðum aldri. Almennt er talað um að markhópur framhaldsfræðslunnar sé fólk á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið námi á framhaldsskólastigi og fær þannig annað tækifæri til náms. Hjá Fræðslunetinu eru um 60% svarenda eldri en 30 ára. Um er að ræða reynslumikinn hóp, sem gæti haft áhrif á það hvernig kennari mætir þeim í útfærslu kennslunnar.



2. Kynjaskipting


Mikill kynjamismunur er meðal svarenda könnunarinnar. Konur eru þar í mjög miklum meirihluta, eða 90%. Skipting kynja í námi á námsleiðum hjá Fræðslunetinu er almennt 70% konur og 30% karlar.



3. Staða á vinnumarkaði


Aðeins um helmingur svarenda er í fullu starfi.

Afstaða til ýmissa þátta námsins kann að vera mismunandi eftir því hver staða þeirra á vinnumarkaði er.




4. Stuðningur námsráðgjafa

Niðurstöður úr þessum lið spurningarinnar undirstrika með um 90% stuðningi mikið traust og góðan stuðning námsráðgjafa hjá Fræðslunetinu við svarendur í vottuðu námi.



5. Inna


Inna er rafrænt námsumsjónarkerfi sem heldur utan um nám og kennslu hjá Fræðslunetinu. Yfir 90% svarenda finnst þetta námsumhverfi vera gott.



6. Lífs- og starfsreynsla


Almennt er talið að einn af drifkröftum náms hjá fullorðnum sé að þeir geti nýtt sér starfsreynslu sína í náminu. Rúm 90% svarenda telja að svo sé.

Hafa ber í huga að samkvæmt 1. spurningu er meðalaldur nokkuð hár hjá Fræðslunetinu og reynsla námsmanna mikil.



7. Skipulag námsins


Um helmingur nema eða 56% svarenda telur sig hafa tækifæri til að hafa áhrif á skipulag náms síns, þar af segist um þriðjungur vera þessu mjög sammála. Þetta er vísbending um að við skipulag og framvindu námsins séu námsmenn hafðir með í ráðum.



8. Nám og vinna

Tilhögun námsins í Framhaldsfræðslunni á að vera þannig að námið henti vel með vinnu. Mikill meirihluti svarenda (77%) telur að svo sé hjá Fræðslunetinu.


Hafa þarf í huga að samkvæmt 3. spurningu er um 20% hinsvegar ekki í vinnu.



9. Námsgjöld

Námsgjöld í Framhaldsfræðslunni eru ákvörðuð af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og eru niðurgreidd af Fræðslusjóði. Á stærsu námsbrautum eru þetta þó nokkrar upphæðir í krónum talið sem námsmenn þurfa að greiða, þótt niðurgreidd séu.


Svarendur könnunarinnar telja upp til hópa (87%) að gjöldin séu sanngjörn.



10. Innihald námskeiða


Nám í Framhaldsfræðslunni fer eftir vottuðum námskrám og því hafa rammar í kringum efnistöð verið ákveðin að langmestu. Engu að síður telja um 44% svarenda að þeir hafi áhrif á efnistöð námskeiða.

Þessi svör undirstrika þá upplifun námsmanna að þeim finnst þeir vera virkir í mótun síns náms.




11. Aðbúnaður

Þegar spurt er um aðbúnað í Fjölheimum er vert að hafa í huga að nokkur hluti námsmanna stundar fjarnám (kringum 22% samkvæmt svörum) og kemur sjaldan eða aldrei í Fjölheima. Almennt eru svarendur sammála því að húsgögnin séu góð.




Allir sem bregðast við þessari fullyrðingu telja lýsingu í kennslustofum góða.

Nokkur hluti svarenda segir að fullyrðingin eigi ekki við sig.




Allir sem bregðast við þessari fullyrðingu telja loftgæði í kennslustofum vera góð.

Nokkur hluti svarenda segir að fullyrðingin eigi ekki við sig.




Allir sem bregðast við þessari fullyrðingu telja að hreinlæti í kennslustofum sé gott.

Nokkur hluti svarenda segir að fullyrðingin eigi ekki við sig.




Mikill meirihluti þeirra sem bregst við þessari fullyrðingu telur hljóðvist í kennstofum vera góða. Hér er ekki þó um jafn eindrægan stuðning við fullyrðinguna að ræða eins og í fyrri fullyrðingum um húsnæði.

Nokkur hluti svarenda segir að fullyrðingin eigi ekki við sig.




12. Líðan í námi

Líðan námsmanna í náminu skiptir miklu máli fyrir árangur þeirra. Alls 92% svarenda eru samþykkir þeirri fullyrðingu að þeim líði vel í námi sínu.




Það eru 81% sem eru sammála því að gott sé að samþætta vinnu og nám.

Framhaldsfræðslan er vinnu-markaðstækifæri og því er slík samþætting forsenda þess að kerfið geti starfað.




89% svarenda eru því sammála að álagið í náminu sé hæfilegt.




Það eru 83% svarenda sem eru sammála þeirri fullyrðingu að námið hafi aukið sjálfstraust þeirra.


Niðurstöðurnar eru vísbending um að námleiðirnar sem námsmenn stunda nám á byggja þá upp.



Svörin við þessari fullyrðingu eru afar einsleit. Allir sem svara (100%) eru sammála þeirri fullyrðingu að þeir leggi sig fram í náminu.




Þrátt fyrir að námsmenn gefi til kynna í fyrri spurningum að álagið sé hæfilegt í náminu þá finna engu að síður allt að 28% svarenda fyrir einhverjum streitueinkennum.




13. Fjarnám

Það eru 75 % svarenda sem eru sammála þeirri fullyrðingu að fjarnám spari tíma.

Þótt sumir kunni ekki að hafa ætlað sér að vera í miklu fjarnámi er líklegt að allir hafi þurft að reyna það á tímum Covid.




TEAMS hugbúnaðurinn frá Microsoft er notaður í nær öllu fjarnámi Fræðslunetsins. Svo virðist sem hugbúnaðurinn hugnist námsmönnum en 91% svarenda er sammála þeirri fullyrðingu að TEAMS sé gott fjarnámskerfi.



Tæplega 80% reiða sig á fjarnám til að getað stundað nám. Hér getur það bæði verið vinna og fjarlægðir sem hamla staðnámi.


Hugsanlega eru þó sumir sammála þessari fullyrðingu vegna þess að Covid hamlar á köflum því að hægt sé að stunda neitt annað nám en fjarnám.




Hópvinnna í gegnum TEAMS er útfærsla í fjarnámi sem hefur verið að aukast stöðugt eftir því sem fjarnám er meira notað.

Það eru 69% svarenda sem eru sammála því að hópvinnna gangi vel á TEAMS.


9% eru ósammála.



Fjarnám virðist ekki koma í veg fyrir að námsmenn upplifi sig sem hóp. Það eru 78% svarenda sem eru sammála þeirri fullyrðingu að þeir upplifi sig sem hóp þótt í fjarnámi séu.




Þessari fullyrðingu eru ekki allir jafn sammála eins og í hinum sem fjalla um fjarnám. Það er engu að síður meiri hluti (67%) sem telur að betra sé að hlusta á fyrirlestra á netinu heldur en í kennslustofu.



Einn af kostum fjarnáms er að með því að hafa alla innlagnir/fyrirlestra í rafræna formi, er hægt að hlusta oftast einu sinni á efnið. Í ljós kemur í svörum að rétt rúmur helmingur nýtir sér það að hlusta/skoða fyrirlestra oftast einu sinni.

Hversu oft hlustar þú á hvern fyrirlestur á netinu ?




■ Einu sinni ■ Tvisvar ■ Þrisvar

14. Námskröfur

Svör námsmenna við þessari fullyrðingu er nokkuð í samræmi við svör þeirra varðandi fullyrðingu um að námsálag væri hæfilegt. Það eru 77% svarenda sem telja námskröfur hæfilegar.

Engu að síður er um fimmtungur (19%) svarenda sem segir námskröfur frekar miklar.

Hvernig upplifir þú þær námskröfur sem gerðar eru til þín í náminu?



■ Allt of miklar kröfur ■ Frekar miklar kröfur
■ Hæfilegar kröfur ■ Frekar litlar kröfur
■ Allt of litlar kröfur

15. Jákvæð upplifun af náminu

Alls ákváðu 17 svarendur af 49 eða 35% að skrifa einhverja jákvæða upplifun af náminu. Svörin eru hér birt orðrétt.

1. Skipulag námsins er gott og hvernig það er uppsett.
2. Finnst kennararnir hingað til vera duglegir að hvetja mann áfram.
3. Finnst allir kennarar hafa verið hjálplegir og sveigjanlegir.
4. Gott umhverfi og góð hjálp hjá kennurum og starfsfólks.
5. Námsfernið er hæfilega þungt og oftast nær mjög fróðlegt og skemmtilegt.
6. Frábært að geta stundað námið hvar sem ég er.
7. Mér finnst gott að mæta í tíma og hafa áður hlustað á fyrirlestur heima, en á erfitt með hópavinnu á netinu. Kennarar hafa verið mjög hjálpsamir og gott að vera í sambandi við Eydísi Kötlu.
8. Ingunn stærðfræðikennari og Eydís námsráðgjafi eru dásamlegar ég væri ekki með trú á mér hvað varðar nám nema útaf þeirra hjálp.
9. Gott nám.
10. Margir kennarar sanngjarnir.
11. Mjög skemtilegar kennarar.
12. Frábærir kennarar.
13. Mjög gott.
14. Mjög fínt og gott nám.
15. Mjög fræðandi.
16. Allir kennarar frekar skilningsríkir.
17. Kennslan og kennarar til fyrirmyndar.

16. Neikvæð upplifun af náminu

Alls ákváðu 8 svarendur af 49 eða 16% að skrifa einhverja neikvæða upplifun af náminu. Þegar svörin eru skoðuð eru þau reyndar ekki öll neikvæð. Svörin eru hér birt orðrétt.

1. Ekkert.
2. Mætti meira huga þeim sem eru í fjarbúnaði í tímum.
3. Það getur verið vandræðalega óþægilegt að hlusta á fullorðnar konur væla yfir því að þurfa læra heima, það fer stundum óþarfa tími í nemendatuð.
4. Erfitt að fá nemendur í hópastarfi til að vinna með.
5. Ef kennari útskýrir ekki vel hluti og heldur áfram með gögn, og ef í viku koma 3 heimavinnur í 2-3 daga bil á milli of erfitt með vaktavinnu.
6. Ekkert
7. Veit það ekki
8. ?

Umræður

Heilt yfir gefa niðurstöður úr þessari könnun meðal námsmanna Fræðslunetsins mjög góðan vitnisburð um framkvæmd námsins. Ekki verður séð að úrbótaáætlunar sé þörf í neinum þeirra atriða sem spurt er um.

Engu að síður koma í ljós upplýsingar sem teljast verða athyglisverðar og rétt er að gefa sérstakan gaum:

1. Svo virðist sem nemandi hafi tækifæri á að hafa bæði áhrif á útfærslu og inntak námsins, sem þeir sækja. Það bendir til mjög lýðræðislegra vinnubragða af hálfu kennara.
2. Fjarnám er forsenda flestra námsmanna sem eru í námi á vottuðum námsleiðum, til þess að vera yfirleitt í námi.
3. Aðbúnaður sem spurt er um í Fjölheimum er nánast upp á 10 meðal námsmanna á vottuðum námsleiðum, sem er nokkuð á skjön við áhyggjur starfsfólks Fræðslunetsins af aðbúnaðinum.
4. Námsmenn eru afar sáttir við þann hugbúnað sem notaður er í náminu (TEAMS og INNA).
5. Námsmenn upplifa sig sem hóp í fjarnámi og finnst hópavinna þar ganga vel.
6. Námsmenn segja það betra að hlusta á fyrirlestra á netinu heldur en að mæta í stofu til að hlusta á þá.

Helsta þversögnin í könnuninni er að námsmenn segja að vel gangi að samtvinna nám og vinnu og einnig að námskröfur séu hæfilegar. Hinsvegar segir nokkur hluti námsmanna að þeir finni nokkuð til streitueinkenna.

Niðurstöður könnunarinnar verða sendar námsmönnum og leiðbeinendum. Þá verða niðurstöður einnig kynntar stjórn og starfsfólki og að lokum birtar á vefsíðu Fræðslunetsins.